



3. fundur í skólaráði, fimmtudaginn 27. janúar 2009, kl. 12:00-13:00

Mættir voru:

Dagný Annasdóttir, skólastjóri
Gerður Aagot Árnadóttir, móðir
Íris Tebé, móðir
(Ragnheiður Sigmarsdóttir, móðir – boðaði forföll)
Kristinn Jónsson, kennari
Auður Ásgeirsdóttir, kennari
Hansína Skúladóttir, ráðgjafarþroskajálfi

Dagný Annasdóttir, setti fundinn og bauð fólk velkomið.

DAGSKRÁ FUNDAR:

1

Bókasafn: Opnunarhátíð er miðvikudaginn 28. jan. 2009 þar sem starfsfólki og nemendum er sýnt safnið og nemendum boðið upp á ís í tilefni dagsins.

2

Dagný sagði frá heimsókn Kjartans Magnússonar formanns Menntaráðs í skólann í desember. Kjartan sýndi starfi skólans mikinn áhuga og skilning.

3

Fjárhagsáætlun grunnskóla borgarinnar mun liggja fyrir 17. mars og ljóst er að skólinn þarf að spara eins og allar stofnanir landsins. Tækjabúnaður skólans er í nokkuð góðum málum. Skólinn skilaði um 10. milljónum í hagnað á síðasta ári sem fer í að greiða niður skuldir skólans. Skólinn hélt ekki óbreyttu fjármagni eftir nemendum fækkaði þetta skólaár – framlag til skólans lækkaði um 14.000.000. Umræða var um ýmsar nýjungar og jákvæðar breytingar sem hafa átt sér stað innan skólans sem skila sér í betra skólustarfi eins og:

- 100% staða ráðgjafarþroskajálfa
- Ný skynörvunaraðstaða og 75% starf í tengslum við það.

- Samningur við ABC skólann í Sacramento
- Bætt aðstaða í smíðastofu til að tryggja öryggi nemenda
- Nýtt bókasafn
- Tækjabúnaður bættur – gagnvirkar töflur
- Húsagögn endurbætt



Reykjavíkurborg
Menntasvið
Öskjuhlíðarskóli

www.oskjuhlidarskoli.is
osk@oskjuhlidarskoli.is
S. 568 97 40
Fax. 568 9774



sími: 411 7950

4

Umræður voru um myndina Sólskinsdreginn –Allir sammála um að myndin var mjög góð og mikilvægi þess að huga að snemmtækri íhlutun. Myndin hefur vakið fólk til umhugsunar um líf og nám barna með einhverfu

5

Næsta haust verður sjálfsmatsskýrsla skólans tilbúin. Skýrslan er m.a. byggð á starfsmanna- og foreldrakönnun, umbótaáætlun o.fl. Tilgangur með skýrslunni er að meta skólastarfið í heild sinni. Umsjón með þeirri vinnu hafa Maggý Hrönn Hermannsdóttir kennari og Dagný Annasdóttir skólastjóri

Næsti fundur verður fimmtudaginn 5. mars 2009, kl. 12:00-13:00

Fundi slitið kl. 13:00

Fundaritari: Auður Ásgeirsdóttir,
AÁ/KH